

Samkvæmt 4. málsgrein 139. gr. einkamálalaganna ákveðst, að matsmennirnir skulu ljúka gjörðinni sem fyrst. Matsgjörðina ber þeim að afhenda matsbeiðanda gegn greiðslu hæfilegrar þóknunar. Rétti slitið.

Priðjudaginn 19. desember 1978.

Nr. 234/1977. **Borgarstjórnin í Reykjavík f. h. borgarsjóðs vegna Hitaveitu Reykjavíkur**

(Jón G. Tómasson hrl.)

gegn

Hreppsnefnd Mosfellshrepps

f. h. sveitarsjóðs

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Fasteignaskattur. Hlunnindi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Sigurður M. Helgason borgarfégeti.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. desember 1977. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal ýmsir samningar um hitaréttindi áfrýjanda, gögn um viðhorf Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands til fasteignaskatta, upplýsingar um, að hitaréttindi nokkurra annarra hitaveitna séu eigi skattlögð með þeim hætti sem stefndi telur sér heimilt. Enn fremur úrskurður, sem yfirfasteignamatnefnd kvað upp 1. febrúar 1978 vegna ágreinings um fasteignamatssverð jarðhitaréttinda áfrýjanda í Mosfellshreppi.

I.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um sérstakan fasteignaskatt af jarðhitaréttindum áfrýjanda í Mosfellshreppi, sem nemur 4% af virðingarverði jarðhitaréttindanna til fasteignamats. Er fasteignaskatturinn lagður á með skírskotun til heimildar í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972, en í ákvæði þessu segir svo:

„Auk þess skatts, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, er sveitarstjórn heimilt að leggja skatt á hlunnindi, sem eru í eigu utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra“.

Fyrir Hæstarétti reisir áfrýjandi mótmæli sin gegn skattkröfu stefnda á því, að framangreint ákvæði eigi ekki við um áðurnefnd jarðhitaréttindi. Leiði þetta af því, að hvoruki sé orðinu hlunnindi í 4. mgr. 3. gr. ætlað að ná til fasteignaréttinda á borð við jarðhitaréttindi áfrýjanda né verði litið svo á, að telja beri áfrýjanda til utansveitarmanna í skilningi lagaákvæðis þessa. Enn fremur hefur áfrýjandi bent á, að skattfjárhæð sú, sem ákvæðið mælir fyrir um, sé svo há og skattgreiðendum mismunað með þeim hætti eftir húsetu, að í bága fari við grundvallarreglur um lögmeta skattlagningu.

II.

Orðið hlunnindi er í mæltu máli mjög víðtækrar merkingar og getur átt við margs konar hagræði, annað en það, sem tengt er fasteign og nytjum hennar. Ótvírætt má þó ráða það af samhenginu, að í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 eigi orðið hlunnindi aðeins við hlunnindi, sem bundin eru við fasteign. En einnig með þeirri takmörkun er merking orðsins víðtæk og ekki skýrt afmörkuð. Þannig verða þess fundin dæmi, að tún og engjar séu nefndar meðal hlunninda jarðar, t. d. er svo tekið til orða í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í V. bindi, bls. 24: „ . . . er túni og engjum sundurskift, en öðrum hlunnindum óskift“. Er þó ekki ætlandi, að löggjafinn hafi ætlast til þess, að svo rúmur skilningur yrði lagður í orðið í 4. mgr. 3. gr.

Þar sem fasteignamat er grundvöllur fyrir ákvörðun fasteignaskatta, þykir verða að líta sérstaklega til þess við skýringu á orðinu hlunnindi í nefndri 4. mgr. 3. gr., hvernig orðið er notað í löggjöf um fasteignamat, og þá einkum þeirri, sem í gildi var, þegar ákvæðið var sett. Koma þá fyrst og fremst til álita ákvæði reglugerðar nr. 301/1969, enda er orðið notað í svo sérstæðri merkingu í 2. tl. 9. gr. laga nr. 28/1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu, að ekki getur átt við hér. Í nefndri reglugerð er ekki að finna almenna skilgreiningu á því, við hvaða landsgæði sé átt, þegar einstök ákvæði reglugerðarinnar geta hlunninda. Í a lið 2. tl. 5. gr. reglugerðarinnar eru hins vegar sérstaklega nefnd nokkur réttindi, sem landi fylgi, auk hlunninda. Eru það m. a. réttindi til hagnýtingar efna í jörðu og jarðhita svo og vatns, sem á jörðu liggur eða um hana rennur. Bendir þetta til þess skilnings, að hér sé orðinu hlunnindi ekki ætlað að ná til þessara sérstöku landsgæða, a. m. k. að því leyti sem þau eru ekki þess eðlis eða nýtingu þeirra þannig háttáð, að annað leiði ótvírælt af almennri málvenju.

Hitaréttindi sín í Mosfellssveit hefur áfrýjandi gert nýtanleg með miklum jarðborunum og með virkjun borhóla. Til þess að heita vatnið komi að notum, hefur hann reist dælustöðvar, lagt vatnsleiðslur og gert önnur mannvirki. Hagnýting jarðhitans sem orkugjafa í svo stórum stíl sem raun hefur á orðið hefði eigi verið gerleg án hinna miklu framkvæmda til orkuvinnslunnar. Þegar þetta er virt og þess er gætt, sem áður segir um notkun orðsins hlunnindi í mæltu máli og í löggjöf um fasteignamat, verður ekki talið, að ákvæði 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 taki eftir orðum sínum til þeirra fasteignaréttinda áfrýjanda, sem um er fjallað í máli þessu. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnda, og þarf þá ekki að gefa frekar gaum að öðrum röksemdum áfrýjanda fyrir dómkröfum sínum.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Afrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs vegna Hitaveitu Reykjavíkur, á að vera sýkn af kröfum stefnda, hreppsnefndar Mosfellshrepps f. h. sveitarsjóðs, í máli þessu.

Stefndi greiði afrýjanda samtals 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. október 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. október sl., hefur hreppsnefnd Mosfellshrepps höfðað með stefnu, birtri 11. nóvember 1976, gegn borgarsjóði Reykjavíkur vegna Hitaveitu Reykjavíkur. Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að stefnda sé skylt að greiða skatt af hlunnindum sínum í Mosfellshreppi samkv. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 6.240.000 ásamt 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 3.120.000 frá 15. maí 1972 til 15. janúar 1973 og af kr. 6.240.000 frá þeim degi til greiðsludags og loks að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af dómkröfum stefnanda og honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

Stefnandi lýsir málavöxtum sem hér segir:

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972 hefur stefnandi lagt skatt samkv. 4. mgr. 3. gr. sömu laga um tekjustofna sveitarfélaga á hitaréttindi stefnda í Mosfellshreppi. Stefndi hefur neitað greiðsluskyldu sinni, og yfirfasteignamatnefnd hefur úrskurðað, að hitaveitunni sé óskilytt að svara viðbótarfasteignaskatti þessum.

Í lögum nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, 4. mgr. 3. gr., er svofellt ákvæði:

„Auk þess skatts, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, er sveitarstjórn heimilt að leggja skatt á hlunnindi, sem eru í eigu utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra.“

Á fundi sínum 26. apríl 1972 samþykkti hreppsnefndin að nota heimildarákvæði þetta, og hefur svo verið gert ætíð síðan, þ. e. fyrir árin 1972, 1973, 1974 og 1975.

Upphaflega var mál þetta rekið sem lögtaksmál, en með úrskurði fógætaréttar Reykjavíkur, uppkv. 29. maí 1974, var synjað um lögtak, þar sem málefnið hefði ekki verið borið undir yfirfasteignamatsnefnd skv. 4. gr. laganna nr. 8/1972. Málið var þá borið undir yfirfasteignamatsnefnd, sbr. dskj. nr. 9, og úrskurður hennar er dags. 5. sept. 1974, dskj. nr. 10. Málinu var því næst áfrýjað til Hæstaréttar, enda taldi stefnandi, að efnisdómur mundi lagður á málið þar, hvort sem yfirfasteignamatsnefnd fjallaði um málefnið eða ekki. Meiri hluti Hæstaréttar var hins vegar á þeirri skoðun, að borið hefði „að fá úrlausn yfirfasteignamatsnefndar um ágreiningsefnið, áður en það var borið undir fógætarétt“, eins og orðrétt segir í dóminum.

Með því að úrskurð yfirfasteignamatsnefndar verður líklega að túlka svo, að hún hafi fellt skattinn niður, er ekki um annað að tefla en fara með mál þetta fyrir hina almennu dómstóla.

Jafnframt vill stefnandi láta þess getið, að hann skoðar mál þetta sem prófmál og tekur því eigi inn í stefnukröfuna álagðan skatt árána 1974 og 1975. Í fógætaréttarmálinu var aðeins tekinn fyrir skatturinn 1972, en stefnandi tekur nú skattinn 1973 með sökum fyrningarákvæða.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar alfarið á 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972. Orðið „utansveitarmaður“ kveðst hann telja, að nái yfir hvers konar aðilja, sem átt geti eignir, þ. á m. félög öll og þar með talin sveitar- og bæjarfélög. Í 5. gr. laganna verði að ætla, að tæmandi séu taldir þeir aðiljar, sem undanþegnir séu skattinum, og þeir, sem heimilt sé að undanþiggja. Bæjar- og sveitarfélög séu þar ekki með. Það atriði, að sveitar- og bæjarfélög séu undanþegin útsvari og aðstöðugjaldi, gefi enga vísbendingu í þessu efni. Þvert á móti skuli þessir aðiljar skv. 3. gr. laga nr. 8/1972 og skv. eldri lögum greiða fasteignaskatt og í þessu tilviki sé um slíkan skatt að ræða.

Stefndi vísar fyrst og fremst í úrskurð yfirfasteignamatsnefndar, dags. 5. sept. 1974, sem frammi liggur í málinu, til stuðnings sýknukröfu sinni, en þar segir, að samkvæmt meginsjónarmiðum, sem liggi til grundvallar hinni sérstæðu skattlagningarheimild í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972, sé varhugavert að leggja svo rúman skilning í hugtakið utansveitarmaður í því lagaákvæði, að það

nái til sveitarfélaga eða fyrirtækja sveitarfélaga, sem eigi fasteignaréttindi í öðru sveitarfélagi. Á það sé og bent, að af þessu leiði ekki, að slíkum aðiljum sé óskýlt að svara almennum fasteignaskatti af fasteignum sínum samkvæmt 1.—3. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972, ef ekki komi til sérstakar undanþágureglur laga, sbr. 5. gr. laga nr. 8/1972 og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972, en stefndi kveðst einmitt hafa greitt slíkan almennan fasteignaskatt. En ef svo færi, sem stefnandi virtist ætlast til, yrði stefndi í senn meðhöndlaður sem „innansveitarmaður“ og „utansveitarmaður“, því að talið sé fullvíst, að hugmyndin með setningu ákvæðisins í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 hafi verið að ná til tekna, sem aðiljar, sem ekkert greiddu í sveitarsjóð, hefðu í hlutaðeigandi sveitarfélagi. Auk þess sem áður geti um greiðslur stefnda á almennum fasteignaskatti megi benda á, að stefnandi hafi þó nokkrar tekjur af starfsmönnum stefnda í hreppnum.

Niðurstaða málsins veitur fyrst og fremst á því, hvernig skýra ber orðið „utansveitarmaður“ í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972, enda eru samkvæmt nefndri lagagrein ekki nein hlunnindi þar undanskilin.

Dómarinn lítur svo á, að leggja beri þann skilning í framangreint orð, „utansveitarmaður“, að það merki hið sama og hvers konar persóna að lögum.

Samkvæmt framanrituðu verða því stefnukröfurnar teknar til greina, þó þannig, að eftir eðli málsins þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs vegna Hitaveitu Reykjavíkur, greiði stefnanda, hreppsnefnd Mosfellsahrepps f. h. sveitarsjóðs, kr. 6.240.000 með 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 3.120.000 frá 15. maí 1972 til 15. janúar 1973 og af kr. 6.240.000 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.